



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 07. maí 2024, fundur hófst kl 20:00.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Hermann Vilmundarson, Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson, Lárus Sindri Lárusson og Lilja Sigurðardóttir framkvæmdastjóri.

1. Helstu verkefni framkvæmdastjóra og það sem er í farvatninu

Framkvæmdastjóri kynnti helstu verkefni sem verið er að vinna að þessa dagana of hvað sé framundan. Þar kom m.a. fram að fyrirhugaður er kyningarfundur fyrir Landsmót, miðbæjarreið, úrtökumót fyrir Landsmót, ganga frá úthlutun viðrunarhólfa, Kynbótasýning og undirbúningur og tilmæli frá RML svo eitthvað sé nefnt.

2. Deiluskipulag Kópavogur

Sigurbjörn, Hermann, Jón Magnússon, Lilja framkvæmastjóri og Davíð hittust á fundi 6 maí til að undibúa svar til Kópavogsbæjar sem send verða á morgun.

3. Fjármál félagsins

Gjaldkeri búin að fá bókara sem hefst handa strax, byrjar á launavinnslu, smá undirbúningur í tengslum við bankamál er í vinnslu. Þegar allt er klárt í bókhaldi ætti að vera auðvelt að sjá betur afkomu einstakra eininga og verkefna.

Rætt um að virkja félagsmenn sem eru vel tengdir inn í viðskiptalífið og nýta reynslu þeirra til að afla tekna fyrir félagið.

Jónína er búin að fá fund með bæjarstjóra Kópavogs, svona fyrsta fund til að kynnst og sjá hvernig framhaldið gæti orðið.

4. Kynbótavöllur

Farið yfir póst frá RML þar sem útlistað er hvað við þurfum að hafa klárt fyrir Kynbótasýningarnar. Spurning um að fá Þorvald Kristjánsson til að koma og taka út vellina/aðstoðina, Lilja heyrir í Þorvaldi Kristjánssyni. Mikilvægt að virkja vallarnend í þessum undirbúning. Sigurbjörn kannar verð á Ecoraster. Ýmis artiði er varða framkvæmd sýninganna rædd.

5. Mávar

Þeir eru að hverfa, ekki æskilegt að beita þessi hólfr ca. 2 vikum eftir að fuglarnir eru farnir. Sprettur þarf að senda út frétt og leggja áherslu á að lífrænn áburður sem unnin er úr matarleifum og/eða fiskimjöli sé ekki notaður sem áburður á viðrunarhólfin. Lilja vinnur þetta áfram.

6. Vetrarleikar – stigahæsti knapinn

Útfærsla á stigahæsta knapa vetrarleika rædd þar sem síðasta mótið var með öðrum hætti og flokkar á milli móta ekki alveg sambærilegir. Ákveðið að afhenda á verðlaunin á sunnudeginum á gæðingamótinu sem framundan er.

7. **Önnur mál**

Farið yfir nokkur mál er snúa að útleigu á Samskipahöllinni næsta vetur.

Fundi slitið kl. 22:15

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson